

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1766  
komudagur 15. 4. 2004



Alþingi Íslendinga  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 14. apríl 2004

Tilvísun: FEL04030006/0004/1B/--


Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis til félagsmálaráðuneytis, dags. 1. mars. 2004, þar sem óskað er umsagnar um þingsályktunartillögu um aðgerðir gegn fátækt, 21. mál. Lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til að sporna við fátækt og treysta öryggisnet þjóðarinnar. Í því skyni skuli nefnd skipuð með aðild Sambands íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtaka launafólks.

Þeir sem búa við bágust kjör hér á landi eru án efa þeir sem lifa af örorkubótum Almannatrygginga einum saman, þeir sem búa við langvarandi atvinnuleysi og þeir sem þurfa að leita um lengri tíma eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Tekur ráðuneytið undir með flutningsmönnum tillögunnar um að huga þurfi reglulega að kjörum og velferð ákveðinna hópa lágtekjufólks.

Undanfarnar hækkanir atvinnuleysisbóta og örorkubóta hafa án efa bætt kjörin, en stöðugt mat þarf að fara fram. Þá hefur félagsmálaráðuneyti undanfarið hvatt sveitarfélögin til að standa vel að mati og afgreiðslu fjárhagsaðstoðar í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Nefnd á vegum forsætisráðuneytis mun á allra næstu dögum skila forsætisráðherra greinargerð um fátækt á Íslandi. Er það mat félagsmálaráðuneytis að rétt sé að bíða eftir niðurstöðum úr þeirri skýrslu og meta í framhaldi til hvaða úrræða sé rétt að grípa sem miði að því að koma í veg fyrir fátækt hér á landi.

F. h. r.

  
Þór G. Þórarinnsson

  
Ingibjörg Broddadóttir